



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Stjórnarfundur UMSB haldinn á TEAMS þann 3. febrúar 2025 kl. 17:00

Mætt eru: Guðrún H. Þórðardóttir sambandsstjóri, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir varasambandsstjóri, Svala Svavarsdóttir gjaldkeri, Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir ritari, Kristján J. Pétursson meðstjórnandi og Bjarney L. Bjarnadóttir frkv.stjóri.

1. Maraþonbikarinn: Þarf að gera reglugerð varðandi afhendingu Maraþonbikarsins. Verða aðilar úr nokkrum áttum kallaðir til við þá vinnu.
2. Fyrsti fundur með Borgarbyggð varðandi endurnýjun á samning UMSB og Borgarbyggðar. Þau líta ekki svo á að búið sé að segja upp samningnum en engu síður brýnt að klára nýjan samning sem fyrst.

Borgarbyggð er að fara í stefnumótun innan íþróttá- og tómstundasviðs. Stjórn UMSB tekur samtalið við forsvarsmenn sinna aðildarfélaga og svo munu fulltrúar Borgarbyggðar og samninganefnd UMSB hittast að því loknu og hefja formlegar viðræður.

Áætlaður næsti fundur samninganefndar verður í næstu viku þann 11. febrúar. Samninganefndin samanstendur af Guðrúnu H. Þórðardóttur sambandsstjóra UMSB, Páli Snævari Brynjarssyni, Eyþóri Gíslasyni formanni Hmf. Borgfirðings, Sigríði G. Bjarnadóttur formanni Umf. Skallagríms og Bjarneyju L. Bjarnadóttur frkv.stjóra UMSB.

3. Næsti formannafundur sem á að vera í marsmánuði hugmynd 12. mars: Tala við Umf. Stafholtstungna hvort þau hafi tök á að halda fundinn. Ef það verður komið eitthvað nýtt varðandi samning við Borgarbyggð, leggja það þá á borðið á formannafundi.
4. Hugmyndir að viðbótum í samningi Borgarbyggðar:
 - a. Afnot af félagsheimilum sveitarfélagsins til að halda formannafundi og sambandsþing þess félags að kostnaðarlausu.
5. Endurvekja lyftingadeild. Óskað eftir að þessi deild verði endurvakin eða ný stofnuð. Þarf að skoða hvort betra sé að stofna deild innan Skallagríms eða hvort það þurfi að

stofna nýtt félag. Þarf mögulega að gerast fyrir aðalfund Skallagríms. Frkv.stjóri er að vinna í þessu og setur í réttan farveg.

6. Uppgjör eftir íþróttamanneskju Borgarbyggðar:
Farið yfir skjal frkv. með undirbúningi og athugasemdum, einnig skýrslu Hmf. Borgfirðings sem sá um utanumhaldið.
7. Sameiginlegt námskeið fyrir gjaldkera íþróttahéraða á Vesturlandi var haldið í janúar og var góð mæting og mjög vel heppnað.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn mánudaginn 3. mars kl.17:00

Fundi slitið kl. 18.05